

Fundur skólaráðs Hofstaðaskóla mánudaginn 16. maí kl. 14.55

Fundinn sátu: Jón Gunnar nýr fulltrúi nemenda, Margrét Harðardóttir skólastjóri, Gunnhildur Grétarsdóttir og Lilja Karlsdóttir fulltrúar kennara, Sigríður Kragh fulltrúi annarra starfsmanna. Guðrún Birna Finnsdóttir og Sigrún Snædal Logadóttir fulltrúar foreldra, Anna Linda Bjarnadóttir fulltrúi grenndarsamfélags og Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri. Krístrún Sigurðardóttir sat hluta fundarins.

1. Niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra. Skólastjóri kynnti helstu niðurstöður. Þátttaka er frekar slök. Þessi könnun var með vilja höfð mjög stutt. Flestir eru sammála því að heimanám sé hæfilegt og í málstofum tjáir fólk sig um að ýmist þyki þeim heimanámið of mikið eða of lítið. Foreldrar eru almennt ánægðir með samstarf heimila og skóla. Sumir vilja fá meiri og reglulegi upplýsingar og öðrum finnst þeir fá nóg eða of mikið. Mikil neikvæðni ríkir í garð matarmálanna. Fulltrúi foreldra kynnti fyrirhugað jákvæðniáttak sem á að beinast að matarmálum almennt í grunnskólum Garðabæjar og byrjar í haust á vegum Grunnstoða. Nokkrar umræður sköpuðust um matarmálin.

2. Skólastarf næsta ár. Krístrún deildarstjóri kynnti fyrirhugaða viðmiðunarstundaskrá. Aðalnámskráin er að breytast og tekin var sú ákvörðun hér að fylgja henni strax í haust. Tímafjöldi er skipt niður á 1. – 4. bekk annars vegar og 5. – 7. bekk hins vegar og við ráðum svo hversu margar kennslustundir eru settar á hvern bekk. Lífsleikni er nú komin undir samfélagsfræði. Samfélagsgreinar og náttúrufræði innihalda ýmsar greinar. Í list og verkgreinum er nú einnig talað um sviðslistir og sjónlistir. Lagt var fram yfirlit yfir viðmiðunarstundaskrá og samanburð á milli skólaáranna 2010-2011 og svo 2011-2012. Nýjar greinar taka auðvitað tíma frá því sem fyrir er. Áfram verða hringekjur til þess að geta bætt inn fleiri hópum í árgangi og til þess að minnka þá. Tónmennt verður í 7. bekk næsta ár og verður hún í Hringekju. Salur verður áfram svo og samsöngur. Sundið verður með svipuðum hætti og í vetur. Þ.e. í lotum og nokkrir árgangar fá aukatíma e. skóla. Í foreldrakönnun voru gerðar nokkrar athugasemdir við fyrirkomulag sundkennslu. Spurt var um hvort ætti að setja skrift inn á viðmiðunarstundaskrá. Upplýst var að næsta ár verður sértakt þróunarverkefni í skrift og sett verður skriftarstefna í skólanum. Foreldrar benda á að fækkun stærðfræðitíma skv. aðalnámskrá sé ekki ákjósanleg, en Hofstaðaskóli er samt sem áður með fleiri stærðfræðitíma en námskráin kveður á um.

Næsta skólaár fara tveir kennarar í námsleyfi og verið er að ráða í þeirra stað. Litlar aðrar breytingar verða á starfsmannahaldinu.

3. Starfsþróun skólaárið 2011-2012. Skólastjóri kynnti áætlun um símenntun næsta ár og gerði grein fyrir helstu námskeiðum og fræðslufundum.

4. Önnur mál.

a. Kór. Vilji er fyrir því að halda uppi kórnum næsta ár. Fjármagn er ekki fyrir hendi þannig að innheimta þarf 10.000 kr. Nú eru um 40 stúlkur í kórnum í 4. – 7. bekk. Guðrún Birna kynnir þetta fyrir foreldrunum í fréttabréf.

b. sambygging Hofanna er fyrirhuguð. Niðurstaða fæst á fundi Bæjarráðs á morgun 17.5.

c. skólastarf til vors. Aðstoðarskólastjóri kynnti það helsta sem er skv. hefðum. Þó á að gera breytingu á skólaslitum í ár þannig að 1., 5. og 6. bekkur mæta á sal og síðan í bekkjarstofur. Aðrir árgangar fara beint í bekkjarstofur. Skólaslit í 7. bekk verða þriðjudaginn 7. Júní kl. 18.00. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti. Foreldrar eru velkomnir á skólaslitin.

d. bekkjarsjóðir. Spurt um hvernig þeir gangi. Ekki mikið vitað um það og talið vera mismunandi. Gera þarf könnun meðal kennara um það hvað þeir vita um málið. Ef til vill eru bekkjarfulltrúar að bíða eftir kalli frá kennara.

e. veggjakrot á skólanum. Það hefur verið með allra mesta móti núna. Húsvörður hefur tekið myndir af skólanum. Þær sýndar og spurt hvað sé til ráða?

Spurt um ástand tölvustofu og tölvuvagns. Stofan er í lagi en tölvurnar í vagninum eru orðnar mjög slappar.

Fundi slitið kl. 16.10.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir